

VERKLAGSREGLUR

um verðbreytingar gjaldsvæða á borgarlandi Reykjavíkur

1. Tilgangur og gildissvið

- 1.1. Tilgangur þessara verklagsreglna er að tryggja að gagnsætt og opið verklag sé viðhaft við verðbreytingar gjaldsvæða bílastæða á borgarlandi Reykjavíkur. Reglur þessar gilda fyrir öll gjaldskyld bílastæði á borgarlandi og gjaldskyld bílastæði á lóðum í eigu borgarinnar.

2. Orðskýringar

- 2.1. *Gjaldskytt bílastæði* er bílastæði merkt sem slíkt, þar sem innheimt er gjald skv. gjaldskrá gjaldskyldra bílastæða í Reykjavík.
- 2.2. *Gjaldsvæði* afmarkar svæði gjaldskyldra bílastæða. Sérhvert gjaldsvæði getur haft mismunandi verð, gjaldskyldutíma og kvaðir um hámarkstíma og er breytt samkvæmt verklagsreglum þessum. Ný gjaldsvæði eru innleidd samkvæmt verklagsreglum um innleiðingu nýrra gjaldsvæða á borgarlandi Reykjavíkur.
- 2.3. *Gjaldskrá gjaldsvæða* á borgarlandi Reykjavíkur gildir fyrir gjaldskyld bílastæði. Sjá nánar lið nr. 4.
- 2.4. *Gjaldskyldutími* er sá tími dags sem gjaldskylda er í gildi og er breytileg eftir gjaldsvæðum.
- 2.5. *Hámarkstími* eru tímatakörk sem gilda um það hversu lengi má leggja ökutæki innan gjaldsvæðis.
- 2.6. *Íbúakortasvæði* er gjaldsvæði þar sem íbúakort gilda, sbr. reglur um bílastæðakort íbúa í Reykjavík.
- 2.7. *Íbúakort* veitir heimild til að leggja bifreið án endurgjalds í gjaldskytt bílastæði, innan þess gjaldsvæðis sem íbúakortið tekur til, sbr. reglur um bílastæðakort íbúa í Reykjavík.

3. Markmið

- 3.1. Að framfylgja markmiðum Aðalskipulags Reykjavíkur og stuðla að fjölbreyttri notkun bílastæða í borgarlandi með því að stýra eftirspurn eftir bílastæðum og styðja þannig við þjónustuaðila, gesti og íbúa.

4. Gjaldsvæði og gjaldskrá

- 4.1. Reykjavíkurborg innheimtir gjöld fyrir notkun bílastæða á gjaldsvæðum sbr. gjaldskrá gjaldskyldra bílastæða í Reykjavík. Gjaldskrá er endurskoðuð a.m.k. árlega. Yfirlit yfir staðsetningu, tegund og gjöld gjaldsvæða er aðgengilegt á vef Reykjavíkurborgar:
<http://www.bilastaedasiohur.is/gjaldskylda/gjaldsvaedin>.

5. Verðbreytingar gjaldsvæða

- 5.1. Ákvarðanir um verðbreytingar gjaldsvæða skulu byggja á viðmiðum um ákjósanlega bílastæðanýtingu.
- 5.2. Ákjósanleg bílastæðanýting í sérhverri götu og/eða lóð í eigu borgarinnar er að jafnaði á bilinu 60-85%.
- 5.3. Gögnum um bílastæðanýtingu innan gjaldsvæða skal vera safnað a.m.k. árlega.
- 5.4. Byggt á gögnum um *bílastæðanýtingu*, gildir eftirfarandi fyrir sérhverja götu/lóð innan gjaldsvæða:
 - 5.4.1. Ef bílastæðanýting mælist yfir 85%:
 - a) Verð er hækkað í næsta verðflokk skv. gjaldskrá, og/eða
 - b) Settar eru kvaðir um hámarkstíma
 - 5.4.2. Ef bílastæðanýting mælist undir 60%:
 - a) Verð er lækkað í næsta verðflokk skv. gjaldskrá
 - 5.4.3. Ef bílastæðanýting mælist á milli 60-85% er verð gjaldskyldra bílastæða óbreytt.
- 5.5. Undantekningarnar á því að fylgt sé verklagi í grein 5.4 eru eftirfarandi:
 - a) Fyrirhugaðar breytingar á verði, gjaldskyldutíma eða kvöðum á hámarkstíma í nærliggjandi götu/götum eru taldar geta haft áhrif á nýtingu bílastæða, eða
 - b) Núverandi/fyrirhugaðar framkvæmdir eða skipulagsbreytingar hafa áhrif á nýtingu bílastæða, eða
 - c) Talin er þörf á að stuðla að skýrari samfellu gjaldsvæða. Við þær aðstæður getur Reykjavíkurborg metið sem svo að tiltekin gata/lóð beri sama verð/hámarkstíma/gjaldskyldutíma og nærliggjandi götur.

6. Skyldur Reykjavíkurborgar

- 6.1. Við breytingar á gjaldskrá, skal Reykjavíkurborg:
 - a) Annast uppfærslu skilta, gjaldmæla og greiðslukerfa
 - b) Uppfæra upplýsingar um gjaldskrá á vefsíðu borgarinnar.

7. Endurskoðun

- 7.1. Reykjavíkurborg áskilur sér rétt á að endurskoða verklagsreglur um verðbreytingar gjaldsvæða bílastæða á borgarlandi árlega, með hliðsjón af reynslu og nýjum upplýsingum.